

Þorsteinn Pálsson:  
Ræða á iðnþingi 16. mars 2007.

## Lögmálin um einveru og sambúð fjallkonunnar.

Markmiðið um farsæla framtíð er bæði háleitt og verðugt. Hitt er annað að það getur verið vafningasamt að reyna að koma orðum að samhenginu á milli þess háleita markmiðs og hversdagslegra þrætufna um stöðugleika, gengi og ást á okkar þjóðlegu krónu. Einhverjir láta sér reyndar slíkt samhengi í léttu rúmi liggja. Aðrir hafa á því fasta skoðun. Og svo eru þeir sem ekki sjá eða vilja sjá samhengi þeirra hluta.

Í gegnum tíðina hefur vafist fyrir ýmsum að finna rökrétt tengsl milli veru Íslands í samfélagi þjóða og farsældar fjallkonunnar og hennar fólks. Það er þá helst að þeir hinir sömu sjái þau tengsl með öfugum formerkjum. Því óháðara sem Ísland er öðrum, þeim mun meiri líkur, séð frá þeim kögunarhóli, eiga að vera á farsælli framtíð.

Mörg ykkar hafa ugglaust upplifað þá reynslu að vera amma eða afi. Aðrir eiga það eftir, vonandi. Mín reynsla af því hlutverki endurnýjaði fyrir ekki löngu gömul kynni af sígildri bók um Palla sem var einn í heiminum. Sú tilvera benti í fyrstu, eins og þið munið, til eins konar alsælu og lofaði góðu um farsæla framtíð. Tilveran varð hins vegar fljótt tómleg. Í vöku varð svo veruleiki flókinna mannlegra samskipta, þar sem hver lagar sig að stöðu annars, að eðlilegri tilveru og jafnvel betra fyrirheiti um farsæla framtíð og uppvöxt en einveran.

### Sjálfstæði eða stöðugleiki.

Þegar hér á að ræða fyrirbrigði eins og stöðugleika, gengi og krónu verður það ekki gert án tengsla við þann heim sem fjallkonan fríð tilheyrir. Einvera hennar er ekki kostur í stöðu samtímans. En eftir stendur spurningin: Geta of nán tengsl við aðra í alþjóðlegri fjölskyldu fjallkonunnar með einhverjum hætti orðið henni til tjóns eða gert framtíðarfarsæld hennar óvissa?

Þessi spurning vekur augljóslega upp þá næstu: Eigum við að rækta fjölskylduböndin um sumt en ekki annað? Og ef svo er. Hvers vegna? Ég fór að velta þessum spurningum fyrir mér í nokkurri alvöru á úthallandi vetri fyrir ári við lestur á grein í Fréttablaðinu þar sem aðalhaf fræðingur Seðlabankans komst svo að orði:

“Framsýni peningastefnunnar eru því veruleg takmörk sett í jafn smáu hagkerfi og hinu íslenska. Af þessum ástæðum er ekki ólíklegt að ávinningur þess að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli og peningastefnu, á jafn litlu svæði og Ísland, sé minni en enginn og auki fremur á sveiflur í þjóðarbúskapnum en að draga úr þeim.”

Hér er skýrt kveðið að. Segja má að þessi ummæli hafi markað eins konar upphaf að umræðu sem enn stendur um þetta álitafni. Þar sýnist sitt hverjum. Sumir vilja vera einir

Í heiminum þegar þeir fara í sælgætisbúðina en vilja gjarnan hafa samferðamenn þegar þeir stíga upp í sporvagninn eða vilja vita af einhverjum í viðbragðsstöðu á slökkvistöðinni svo aftur sé vitnað til sígilda barnabókmennta.

Við eigum að sjálfsögðu val um þetta. Engan hef ég heyrt hrekja staðhæfingu aðalhafrafræðings Seðlabankans. Þar á móti hef ég heyrt menn rökstyðja að það sjálfstæði sem fylgir einveru krónunnar sé mikilvægara fyrir farsæld fjallkonunnar en sá aukni stöðugleiki sem fylgt gæti nánari fjölskyldutengslum í evrópsku myntbandalagi.

Þetta er auðvitað fullgild rökræða. Stöðugleiki fjölskyldulífs á þessu sviði kostar fórnir eins og í öllum öðrum tilvikum. Fjölskyldulíf einstaklinga og þjóða lítur svipuðum lögmálum að þessu leyti. Menn verða að viðurkenna að hér eru á báða bóga gild rök á vegasalti.

### **Hugsjónir og hagsmunir.**

Þegar Ísland hlaut fullveldisréttinn í vöggugjöf frá Dönum 1918 áttum við þá stóru hugsjón að vera öllum öðrum óháð og lýstum yfir ævarandi hlutleysi. Skömmu fyrir fullveldið höfðum við samþykkt allsherjar áfengisbann í þjóðaratkvæðagreiðslu. Skömmu eftir fullveldið sáum við þann kost vænstan að fórna áfengisbanninu að hluta til þess að tryggja áframhaldandi saltfisksölu til Spánar.

Þannig lærðum við fljótt að hagsmunir okkar eru tengdir hagsmunum annarra. Fulltrúi góðtemplarareglunnar var með í ráðum suður á Spáni þegar saltfiskdeilan var leyst. Þrátt fyrir góða og heiðarlega trú á áfengisbannið reyndist sú lausn farsæl til framtíðar að slaka á í því efni. Þetta var einfalt uppgjör milli hagsmuna og hugsjóna. Lausnin sýndi líka að þrátt fyrir hlutleysið gátu Spánverjar með sínu lagi hlutast til um svo einfalt innanríkismál sem áfengisbann. Við vorum þrátt fyrir allt ekki einir í heiminum.

Svo háttaði hins vegar til að saltfisksöluhagsmunir okkar lágu hvergi saman með þeim þjóðum sem höfðu hagsmuni af því að flytja út áfengan bjór. Fyrir þá sök varð bann við framleiðslu og sölu á bjór að eins konar sér íslenski einveru á tuttugustu öldinni. Nú er spurningin hvort íslenska krónan verður einverufyrirbrigði 21. aldarinnar. Okkur er ætlað að leyta svara við því hvort það er til farsældar fallið.

Þegar síðari heimsstyrjöldin skall á áttum við enn og aftur í nokkrum erfiðleikum með að gera upp við okkur hugsjónir og hagsmuni. Við vildum selja fisk á bæði borð og mótmæltum því í fyrstu, í nafni hugsjónarinnar um ævarandi hlutleysi, þegar lýðræðisþjóðirnar buðu fram hvernd gegn ógn hins brúna ofríkis. Við þorðum sem sagt ekki að viðurkenna fjölskyldu okkar í samfélagi þjóðanna opinskátt. Það breyttist skjótt. Guði sé lof.

### **Pólítísk- og viðskiptaleg fjölskyldutengsl.**

Ég hygg að farsæld lýðveldistímabilsins megi með ýmsu móti rekja til þess að í upphafi þess gátum við ekki vikið okkur undan því að treysta pólitísk fjölskyldubönd í alþjóðlegu samstarfi þess tíma. Fyrstu tengslin voru af pólitískum toga. Miklu síðar opnuðust augu okkar fyrir nauðsynlegum fjölskyldutengslum í viðskiptum.

Frá pólitísku sjónarhorni var inngangan í Atlantshafsbandalagið mikilvægust. Innan vébanda þess voru framtíðar varnarhagsmunir landsins tryggðir. Þar innan dyra náðum við aukheldur þeirri pólitísku fótfestu sem smárri þjóð var nauðsynleg.

Eftir fall Berlínarmúrsins hefur Atlansthafsbandalagið í alþjóðapólitísku tilliti hins vegar breyst úr þingmannabúð í stekk svo gripið sé til þekktrar Þingvallaviðmiðunar. Þó að það muni halda áfram að vera til er þar ekki lengur sérstök pólitísk fótfasta í heimi sem lítur allt öðru vísi út en fyrir 60 árum.

Norðurlandasamstarfið hafði einnig talsverða alþjóðapólitíska þýðingu. Á fyrstu áratugum þess var þar unnið að margs konar og víðtækri lagasamræmingu og samstarfi eins og um afnám vegabréfaskyldu. Nú lítur enginn hugsandi maður á Norðurlandaráð í pólitísku samstarfssamhengi þó að það hafi menningarlegt gildi. Einnig á þeim vettvangi er hún Snorrabúð stekkur. Þar er engin pólitísk fótfasta lengur. Norræna vegabréfasambandið fór meira að segja með Schengen inn í Evrópusambandið.

Fjölskyldutengsl viðskiptanna þróuðust hægar framan af. Fyrst með aðild að Fríverslunarsamtökunum og síðar með Evrópska efnahagssvæðinu. Með því móti höfum við tryggt viðskiptastöðu Íslands með býsna góðum hætti. Því verður ekki á móti mælt. Í sjálfu sér er nú fátt um hindranir á viðskiptasviðinu sem verulegu máli skipta.

Mergur málsins er þó sá að við höfum ekki stigið það skref gagnvart Evrópusambandinu sem getur tryggt okkur þá pólitísku fótfestu sem smám saman hefur verið að losna um í Nato og Norðurlandaráði. Hvers vegna? Það er réttmæt spurning.

### **Hvers vegna ekki lokaskrefið?**

Þrjár alveg gildar ástæður hafa fram til þessa búið þar að baki. Í fyrsta lagi hafa engar efnahagslegar aðstæður skapað knýjandi þrýsting í þá veru. Í velsæld er í sjálfu sér ekkert sem rekur á eftir mati á framtíðarhagsmunum að þessu leyti. Þegar efnahagurinn er góður er tilhneiging til þess að flýta sér hægt. Ekkert er óeðlilegt við það. En á hinn bóginn eru það ekki rök gegn því að skoða málið í viðara samhengi.

Í annan stað hafa hagsmunir sjávarútvegsins vafist fyrir mönnum. Fiskveiðiauðlindir Evrópusambandsins eru sameign aðildarríkjanna öndvert við aðrar náttúruauðlindir. Að formi til töpuðust fullveldisyrirráðin yfir þeim með aðild. En eftir reglunni um hlutfallslegan stöðugleika myndum við halda okkar hlut, að því er best verður séð, en á öðrum forsendum en áður. Rétt er að stíga slík skref af varkárni.

Sameign fiskistofnanna hefur einnig leitt til þess að fiskveiðistjórnun innan Evrópusambandsins hefur einkennst meir af hrossakaupum en ábyrgð. Sú staðreynd

hefur ekki aukið áhuga á félagsskapnum. Í reynd er þó líklegast að okkar eigin mat yrði ráðandi í þessum efnum ef til þeirra kasta kemur.

Opnun erlendra fjárfestinga í útgerð hefur aukheldur vafist fyrir mörgum. Þegar öllu er á botninn hvolft er það sennilega helsta áhættan sem við höfum staðið frammi fyrir varðandi aðild. Það er óttinn við að útlendingar kaupi upp veiðirétt til þess að þjóna hagsmunum fiskvinnslu á meginlandinu. Sú mynd hefur hins vegar verið að breytast með öflugri íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sem sjálf hafa fjárfest bæði í veiðum og vinnslu innan bandalagsins.

Í þriðja lagi má svo nefna sjónarmið sem eru meira af pólitískum toga. Þar koma til skoðunar almenn fullveldissjónarmið eða gamli draumurinn um að lifa óháð öllum öðrum. Svo eru þeir sem hafa áhyggjur af miðstýringu slíkra ríkjasamtaka. Varðberg gegn miðstýringu er reyndar alltaf góðra gjalda vert.

### **Hefur eitthvað breyst?**

Þá kemur að kjarnaspurningunni um hina hlið peningsins. Hefur eitthvað það verið að breytast sem gefur tilefni til að endurmeta þessi sjónarmið sem helst hafa staðið í vegi allra bollalegginga um aðild að Evrópusambandinu? Þau rök þarf að veða og meta til þess að átta sig sem best á því hvaða leið er greiðust þegar við reynum að tengja nútíðina við þá farsæld sem við viljum sjá í framtíðinni.

Þar kemur fyrst til álita að enn sem fyrr er það svo að vegna almennrar hagsældar er enginn bráða þrýstingur að stíga slíkt skref. Eins og sakir standa erum við ekki í neinum efnahagslegum þrengingum. Án þess að gera lítið úr eigin ágæti er þó óhjákvæmilegt að gæta að þeim þáttum sem betur mega fara til lengri tíma lítið. Við megum ekki gleyma því að hluta lífshjaranna greiðum við með lántökum í formi hagfræðihugtaks sem kallast viðskiptahalli.

Svo er á það að líta að þjóðarbúskapurinn er að breytast hratt úr framleiðslusamfélagi í þjónustu. Vægi sjávarútvegs er miklu minna en áður var. Sjávarútvegsfyrirtækin eru á hinn bóginn sterkari og samkeppnishæfari. Sjávarútvegurinn er því ekki sama hindrun og áður. Og sveiflur í þjóðarbúskapnum eru að sama skapi ekki eins úr takt við það sem gerist í Evrópu.

Ennfremur bendir fátt til þess að krónan geti verið undirstaða varanlegs stöðugleika. Það er ekki að gerast vegna þess að við höfum hagað okkur óskynsamlega. Hitt ræður meira þar um að við ráðum ekki við utanaðkomandi krafta sem líklegir eru til að valda stöðugum hræringum í svo litlu myntsamfélagi. Spurningin er hvort meiri stöðugleiki er ekki í framtíðinni mikilvægari út frá almennum farsældarsjónarmiðum en það peningalega sjálfstæði sem við erum að varðveita.

Síðan eru það pólitísku sjónarmiðin. Þegar rýnt er inn í framtíð þessarar nýju aldar þurfum við eins og á þeirri fyrri að tryggja pólitíska fótfestu okkar og rótfestu í samfélagi

þjóðanna. Um hana hefur losnað í Nato og Norðurlandaráði. Hvernig og hvar náum við þeirri fótfestu á ný? Víst er að heimurinn hefur ekki breyst að því leyti að hennar er þörf.

Við erum þegar stór hluti af regluverki Evrópusambandsins. Tilfinningin fyrir aukinni miðstýringu mun þar af leiðandi ekki vaxa til muna. Þau andmæli eiga því tæpast við lengur.

Þegar öllu er á botninn hvolft verðum við að viðurkenna að aðstæður hafa breyst á margvíslegan hátt. Alltént nægjanlega mikið til þess að endurmeta framtíðar áform okkar og stöðu í samfélagi Evrópuþjóðanna.

### **Nýtt mat á vogarskálarnar**

Staðreynd er að íslenska krónan er einbúi í stórum heimi sem má sín lítils vegna smæðar og einangrunar. Þegar sú staða er virt er bæði rétt og skylt að meta hvort annað peningalegt umhverfi er líklegra til þess að tengja okkur við þá farsæld sem við höfum ágreiningslaust sett á óskalistann fyrir framtíðina.

Með góðum rökum hefur verið sýnt fram á, af þeim sem gleggst þekkja til, að varhugavert væri að taka upp annan gjaldmiðil nema með fullri aðild að því myntsamfélagi. Spurningin er því sú: Á aðild að Evrópusambandinu að loka fyrir hugleiðingar um nauðsyn á nýju peningalegu efnahagsumhverfi?

Þegar gömul mótrök eru vegin á móti vogarskál breyttra aðstæðna kemur í ljós að ástæðulaust er að láta þau hefðbundnu sjónarmið útiloka slíkt mat. Með öðrum orðum: Ef niðurstaðan verður sú að við kjósum heldur nýtt umhverfi peningamálastjórnunar ætti spurningin um aðild að Evrópusambandinu ekki að þvælast fyrir í slíku uppgjöri.

### **Hvar liggur Þrándur í Götu?**

Aðild að Evrópusambandinu er hins vegar ekkert einfalt mál þó að hún geti um margt verið æskileg. Þeir sem hitann og þungann bera af landsstjórninni á hverjum tíma sjá réttilega fleiri en einn Þrándur í götu. Lítum með sanngirni á nokkrar hindranir sem þeir þurfa að komast yfir áður en ákvörðun verður tekin um að stefna að fullri aðild.

Í fyrsta lagi hefur aðild nokkurn viðbótarkostnað í för með sér umfram það sem EES aðildin kostar. Skattgreiðendur þarf að sannfæra um að þær krónur skili sér með sterkari pólitískri og efnahagslegri fótfestu í þeirri fjölskyldu í alþjóðasamfélaginu sem við eigum heima í. Hér þarf að skýra út samhengið milli skattgreiðslu dagsins í dag og langtíma heildarhagsmuni þjóðarinnar. Sú röksemdafærsla þarf að vera sannfærandi.

Í annan stað: Eins og sakir standa er framtíðarþróun Evrópusambandsins nokkurri óvissu undirorpin. Slíkar aðstæður eru ef til vill ekki bein hindrun. Á hinn bóginn kalla þær á skýrari sýn af okkar hálfu hvert við viljum stefna og í hvers kyns alþjóðasamfélagi við viljum hafa rótdýpi. Og svo vitum við að allt alþjóðasamstarf breytist og þróast.

Í þriðja lagi: Lega landsins gerir það að verkum að við þurfum á hverjum tíma að huga að samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Skattar ráða miklu þar um. Svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana á því sviði er því mikilvægt. Þetta er ekki hindrun í dag en eigi að síður hagsmunir sem standa þarf vörð um. Þessir hagsmunir eru ekki síður mikilvægir en fiskveiðihagsmunirnir.

Í fjórða lagi: Margir óttast að hverfa í stóru samfélagi og drukkna í reglugerðum þess. Mergur þess máls ætti þó að vera augljós. Við höfum þegar tekið við stærstum hluta þessara reglugerða. Viðbótin er minni breyting en sú sem varð með EES samningnum. En þetta þarf að rökræða og skýra.

Í fimmta lagi. Í stuðningsmanna röðum allra flokka eru, reyndar í misríkum mæli, ólík viðhorf til þessa álitaefnis. Það gerir forystumönnum þeirra eðlilega erfitt um vik að taka á málinu. Réttilega þarf því breiðari samstöðu en við höfum í dag meðal fólksins í landinu áður en með góðum rökum er unnt að kalla eftir afgerandi forystu um málið á pólitískum vettvangi. Breið samstaða mikils meirihluta þjóðarinnar er forsenda þess að við getum hreyft okkur í þessu efni. Þetta er því ekki gott kosningamál í hefðbundinni kosningabaráttu.

Í sjötta lagi: Ákveða þarf fyrirfram þær leikreglur sem hugsanleg aðildarumsókn á að lúta. Núgildandi stjórnarskrá útilokar beinlínis aðild að Evrópusambandinu. Áður en að því kemur að hreyfa við aðildarumsókn þarf því að breyta þeirri skipan mála. Bara það formsatriði tekur sinn tíma.

### **Hvorki hvítt né svart.**

Að öllu þessu virtu má ljóst vera að hér er um flókinn feril að ræða þar sem horfa þarf til margvíslegra sjónarmiða, kveða niður fordóma, fara yfir hindranir og leiðréttá misskilning svo fátt eitt sé nefnt. En flest bendir til að æskilegt sé að við tökumst á við þessi verkefni í þjóðfélagsumræðunni.

En þá kemur að því að erfitt getur verið að laga íslenska umræðuhefð að viðfangsefni eins og þessu. Við erum vön því að annað hvort sé allt í ökla eða eyra. Ef hlutir eru ekki hvítir eða svartir, algóðir eða alvondir nenum við helst ekki að leggja við hlustir. Kalli þeir ekki á skyndiákvæðanir eru þeir óáhugaverðir. Evrópuumræðan fellur satt best að segja ekki sem best að slíkum umræðuháttum, ef hún á að vera málefnaleg.

Ég hef tekið eftir því að sumir formælendur evrunnar gefa fyrirheit um að með því að leiða hana inn í íslenskt efnahagslíf myndi allt verðlag færast niður á eitthvert meðaltalsstig í Evrópusambandsríkjunum. Þetta er vitaskuld blekking. Í þessum efnunum er ekki rökrétt að gera samjöfnuð við aðra en þá sem búa við sambærileg lífsskjör. Fölsk fyrirheit af þessu tagi spilla fyrir umræðunni. En sameiginleg mynt með helstu viðskiptalöndunum á hins vegar að styrkja samkeppni og stöðu neytenda. Hún gæti að því leyti falið í sér farsælar umbætur þó að henni verði ekki líkt við byltingu.

Stundum er látið í veðri vaka að evran tryggi fullkominn efnahagslegan stöðugleika eða ævarandi lága vexti. Auðvitað er það ekki svo. Hitt er sanni nær að allt bendir til þess að í stóru myntsamfélagi þar sem stærsti hluti viðskipta okkar á sér stað myndum við njóta meiri stöðugleika en með krónu sem velkist eins og rótlaust þangið í hafsjó opinna alþjóðlegra fjármagnsflutninga. Það er líka verulegur ávinningur þó að evran tilheyri ekki himnaríki á jörð.

Á hinn vænginn er mörgum farið eins og unga litla í kverinu að þeir óttast að himininn myndi einfaldlega hrynja ef við gæfum eftir fullveldisréttinn til sjálfstæðrar peningamálastjórnar. Auðvitað getur hann verið kostur við sumar aðstæður. En flestar ákvarðanir Seðlabankans eru þvingaðar vegna ytri aðstæðna. Og reynslan sýnir að þær eru vanmáttugar. Er þá slíkur réttur einhvers virði í raun og veru?

Evran myndi augljóslega kalla á meiri aga við efnahagslegar ákvarðanir. Það getur tekið jafnt til útgjalda ríkissjóðs sem kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Við höfum vanist því að leiðrétta óábyrgar ákvarðanir á þessum sviðum í gegnum gengi krónunnar. Sá möguleiki hyrfi. Það hefur kosti í för með sér ef við játumst undir meiri aga en ókosti ef við gerum það ekki. Hvað viljum við í því efni?

### **Verðum áfram eigin gæfu smiðir.**

Allir erlendir sérfræðingar sem leggja mat á íslenskt efnahagslíf hafa komist að þeirri niðurstöðu að markaðsvæðing fiskveiðanna og fiskveiðistjórnunarinnar hafi verið forsenda efnahagssumskiptanna á undir lok liðinnar aldar. Skoðanakannanir sýna hins vegar að meirihluti þjóðarinnar vill nú veikja eða alfarið afnema þær einkaeignarréttarlegu markaðslausnir sem fiskveiðistjórnunin byggir á. Efnahagslega stendur okkur meiri hættu af slíku afturhvarfi en frjálsri erlendri fjárfestingu Evrópusambandsins.

Með flaustri og kæruleysi gætum við setið uppi með, að slíkt afturhvarf leiddi til meiri miðstýringar á þessu sviði en nokkrum manni hefur tekist að skrökva upp á almennt regluverk Evrópusambandsins.

Aðild að Evrópusambandinu mun sem sagt ekki breyta því að við verðum áfram okkar eigin gæfu smiðir. Spurningin er bara sú hvort við metum það svo að til lengri tíma séum við betur sett með því að deila örlögum með þeim sem við eigum mest viðskipti við og hafa pólitíska fótfestu þar sem við eigum sameiginlegar rætur með öðrum um manngildi og lýðræði.

Við höfum í hálfan annan áratug á farsælan hátt fléttað saman þræði okkar með Evrópusambandslöndunum varðandi allan innri markað þeirra, vörur, þjónustu, fjármagn og fólk. Góð reynsla er komin á Schengensamstarfið um vegabréf og lögreglumál. Í þessu ljósi þarf í raun og veru sérstakan rökstuðning fyrir því að stíga ekki skrefið til fulls.

### **Eigum að nýta tímann.**

Þeir sem telja að betri varanlegur stöðugleiki sé keppikefli ættu þar af leiðandi að geta fallist á að tími sé kominn til að huga að breyttu peningalegu umhverfi. Allt mun það taka tíma og þarf að gera það. En það er ástæðulaust að missa tíma til nauðsynlegrar umhugsunar, rökræðu og hugsanlegra ákvarðana. Þar erum við stödd í þróunarfeli umræðunnar. Við eigum að nýta tímann.

Við erum ekki ein í heiminum og viljum ekki vera það. Reynslan sýnir að pólitísk alþjóðleg fótfeita hefur verið okkur dýrmæt. Þegar aðstæður breytast á þeim vettvangi eigum við að huga að stöðu okkar í samræmi við staðreyndir. Og svo þurfum við að svara því af hverju við ættum að byggja viðskipti okkar innbyrðis og út á við á mynt sem er einmana og smá í stórum heimi. Ef rétt er að hagurinn af því er minni en enginn gæti verið ástæða að huga að öðrum kostum.

Vönduð skýrsla Evrópunefndar sem birt var í þessari viku er rökstuðningur fyrir því að við opnum þessa umræðu. Það er rangtúlkun á efni hennar að nota það til að loka umræðunni. Slík afstaða felur eiginlega í sér eins konar syndakvittun fyrir þá sem alla tíð hafa barist gegn veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu, Fríverslunarsamtökunum og Evrópska efnahagssvæðinu.

Nýjar aðstæður kalla á nýja hugsun og nýja aðlögun að þeim veruleika sem við blasir. Umræða um krónuna getur í því ljósi vissulega náð að tengja viðfangsefni næstu ára hugmyndum um farsæla framtíð fjallkonunnar og hennar fólks.

Sambúð fjallkonunnar lýtur einfaldlega sömu lögmálum og önnur fjölskyldutengsl.



